

FRÆDSLUEFNI

Magastóma hjá fullorðnum



Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Um magastóma hjá fullorðnum | 2 |
| Tilgangur og undirbúningur | 2 |
| Aðgerðin/ísetningin | 3 |
| Fyrsta vikan eftir ísetningu magastóma | 3 |
| Umbúðir | 4 |
| Skipt yfir í hnapp | 4 |
| Fylgikvillar magastóma og viðbrögð við þeim | 5 |
| Umhirða magastóma | 5 |
| Umhirða húðar | 5 |
| Daglegt líf með magastóma. | 5 |
| Bað, sturta og sund | 5 |
| Staða við máltíðir | 5 |
| Lyfjagjöf um magastóma | 6 |
| Munnhirða | 6 |
| Næring um slöngu | 6 |
| Hvers vegna næring um slöngu | 6 |
| Næring | 7 |
| Tilfinning og bragð | 7 |
| Næringaráætlun | 7 |
| Dæla | 7 |
| Fræðsluefni sem er afhent eða sent rafrænt | 7 |
| Sjúkratryggingar Íslands | 7 |
| Magastóma og ferðalög | 7 |
| Annað | 7 |

Um magastóma hjá fullorðnum

Tilgangur og undirbúningur


Orðið stóma kemur úr grísku og merkir munnur eða op. Magastóma er op sem liggur frá maganum og út á húðina á kviðnum. Ástæða þess að gera þarf magastóma og koma fyrir slöngu, er oftast sú að sjúklingur nærst ekki/getur ekki nærst með því að borða í langan tíma og gefa þarf næringu með öðrum hætti. Ýmsir sjúkdómar geta orðið þess valdandi að sjúklingar nærast ekki. Slanga í magastóma er sverari en slöngur sem liggja í gegnum nefið og stíflast því síður og veldur auk þess minni óþægindum.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Fasta þarf á fasta fæðu í 8 klst. fyrir aðgerðina en drekka má tæra vökva þar til 3 klst. fyrir aðgerð. Tærir vökvar eru t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust te og kaffi. Hætta þarf á blóðþynnandi lyfjum í samráði við lækni, storkupróf er mælt ef ástæða er til og skrifa þarf undir upplýst samþykki. Það má taka morgunlyfin með sopa af vatni að morgni aðgerðardags. Sýklalyf eru gefin samkvæmt fyrirmælum læknis fyrir aðgerðina.

Aðgerðin/isetningin

Aðgerðin er gerð á speglunardeild Landspítala, deild 11D, og tekur 15-20 mínútur. Fyrir aðgerðina er komið fyrir æðalegg hjá þér. Í gegnum æðalegginn er hægt að gefa þér sýklalyf, róandi lyf eða verkjalyf í æð ef þörf er á. Meðan á aðgerðinni stendur liggur þú á bakinu. Slöngunni er komið fyrir með hjálp speglunartækis. Það er sveigjanleg slanga sem þrædd er í gegnum munn og niður í magann. Húðin á kviðnum er staðdeyfð. Á enda speglunartækisins er myndavél og þannig er maginn skoðaður. Ljós á enda tækisins lýsir



í gegnum húðina þar sem líttl skurður er gerður í húðina og inn í magann. Síðan er besti staðurinn fyrir slönguna valinn og henni komið fyrir. Tvær plötur sem festar eru á PEG-slönguna koma í veg fyrir að hún detti út. Önnur liggur innan við magavegginn og hin er utanvert á slöngunni og liggur upp við kviðvegginn að utanverðu.

Fyrsta vikan eftir ísetningu magastóma

Ef allt hefur gengið vel má byrja að gefa næringu og vökva í slöngu 2-4 klukkustundum eftir aðgerð. Ráðlegt er að byrja á því að setja vatn inn um slönguna og sjá að allt gangi eðlilega fyrir sig.

Platan sem liggur að kviðveggnum utanvert er sett upp að húðinni í aðgerðinni. Þetta á þó ekki að valda verkjum eða þrýstingi og losa má plötuna um nokkra millimetra ef svo er. Þegar staðdeyfin er hætt að virka finnur þú ef til vill fyrir verk á stungustaðnum. Hefðbundin verkjalyf geta þá hjálpað. Verkurinn líður yfirleitt hjá á einum til tveimur dögum.



Mikilvægt er að snúa slöngunni í hring í opinu um sólarhring eftir ísetningu og reglulega eftir það.

Alvarlegir fylgikvillar eru fátíðir, en mikilvægt að vita af þeim. Lífhimnubólga getur komið í einni af hverjum 1000 aðgerðum. Blæðing frá kviðveggnum, út á við eða inn í magann getur gerst í u.þ.b. einni af hverjum 1000 aðgerðum. Ef þú færð slæma kviðverki, skaltu strax hætta að nota magastómað, fasta og hafa samband við lækni.

Umbúðir

Fyrst eftir aðgerð eru stundum settar dauðhreinsaðar umbúðir og þá eru þær fjarlægðar daginn eftir aðgerð. Þegar umbúðir hafa verið fjarlægðar skal taka slönguna í hendina og toga plötuna aðeins upp (2-3 cm), síðan er slangan sótthreinsuð með grisju vættri í spritti. Daglega skal hreinsa húðina við gatið á kviðnum og undir plötunni. Fyrstu dagana aðstoðar hjúkrunarfræðingur þig við ofangreint.

Fylgikvillar magastóma og viðbrögð við þeim

Ef að magaslangan rennur út af einhverjum orsökum, þarf strax að setja slöngu í staðinn. Það er mikilvægt til að magastómað lokist ekki, en það getur gerst mjög hratt, jafnvel á nokkrum klukkustundum.

Ef þú finnur fyrir kviðverkjum, ógleði eða uppköstum í tengslum við næringargjöf er ástæða til að leita aðstoðar.

Ef þú færð hækkaðan hita, eymsli, roða, vessa eða örvefsmýndun í kringum magastómað er ástæða til að leita aðstoðar. Hægt er að leita til göngudeildar meltingar á 11D LSH s. 825-9436/543-6150 á virkum dögum frá 8-16.

Umhirða magastóma

Umhirða húðar

Þvoðu húðina í kringum stómað með vatni og mildri sápu daglega og þerrið vel. Gott er að nota eyrnápinna til að hreinsa næst opinu. Gætið þess að húðin sé þurr áður en farið er í fót og gott er að láta lofta vel um svæðið. Engar umbúðir þarf í kringum stómað, en stundum eru umbúðir settar til að verja viðkvæma húð t.d. gervihúð. Ágætt er að snúa slöngunni eða hnappnum í gatinu til draga úr ertingu og minnka líkur á sáramyndun.


Daglegt líf með magastóma.

Bað, sturta og sund

Óhætt er að fara í sturtu þegar skurðsárið er gróið eða um 3-5 dögum eftir aðgerðina. Bað og sundferðir eru leyfilegar þegar magastómað er vel gróið eða um 2-3 vikum eftir aðgerðina.

Staða við máltíðir

Hækka þarf undir höfði í a.m.k. 30-45° (sjá mynd) ef legið er í rúmi, þegar næringin rennur inn. Það minnkar líkur á bakflæði sem gæti valdið lungnabólgu.



Lyfjagjöf um magastóma.

Best er að gefa lyf í fljótandi formi. Ef nota þarf töflur, eru þær muldar og leystar upp í volgu vatni. Athugið að sum lyf á ekki að mylja s.s. sýruhjúpaðar töflur og krabbameinslyf. Forðatöflur á ekki að mylja, en má stundum leysa þær upp í vatni. Alltaf á að skola slönguna með vatni fyrir og eftir lyfjagjöf. Alls ekki má blanda lyfjum út í næringuna.

Munnhirða


Munnhirða er mjög mikilvæg þegar næringin fer um magastóma. Burstur þarf tennur kvölds og morgna eða skola með munnskoli, þó að ekki sé borðað á venjulegan máta. Það er til þess að halda tönnum hreinum og fyrirbyggja sýkingar.

Skipt yfir í hnapp

Eftir 8-12 vikur er magastómað fullkomlega gróið. PEG-slangan getur enst í marga mánuði og jafnvel ár. Ef þörf er á eða sjúklingur óskar þess, má skipta PEG-slöngunni út fyrir hnapp (e. button). Slangan er þá fjarlægð á speglunardeild LSH, 11D. Til þess getur þurft að framkvæma magaspeglun en síðan er hnappurinn settur í staðinn. Hnappurinn er gerður úr glæru, mjúku plasti og blaðra á innri enda hans, er fyllt með 5 ml af vatni sem kemur í veg

fyrir að hann renni út. Ekki þarf að leggjast inn vegna þessa og yfirleitt er hægt að fara heim eftir 1 klst. Skipta þarf um hnapp ef hann fer að leka eða hættir að virka. Gott er að eiga aukahnapp en það má líka nota hnappinn sem datt út og líma yfir hann þar til búið er að setja nýjan hnapp í opið.

Algennt er að hnappar endist í 6-12 mánuði og jafnvel lengur. Hægt er að fara í sund með hnapp, en gott að láta viku líða frá skiptunum á meðan húðin jafnar sig.



Næring um slöngu

Hvers vegna þarf að gefa næringu um slöngu?

Næring um slöngu er fyrir þá sem eiga erfitt með að borða og ekki geta viðhaldið þyngd og góðu næringarástandi með því að borða. Sumir þurfa alla næringu og vökva um slöngu en aðrir geta borðað með og drukkið um munn.

Næring

Næringin er tilbúin í fljótandi formi og mjög næringarrík. Næringin kemur í 500 ml og 1000 ml pokum. Næringarfræðingur metur næringarþörf hvers og eins og velur næringu og magn við hæfi til að fullnægja einstaklingsbundinni næringarþörf.

Tilfinning og bragð

Bragðlaukarnir eru á tungunni þannig að ekki finnst bragð af því sem fer í gegnum magastómað. Sumir segiast finna bragð ef þeir ropa eftir að hafa fengið næringuna. Það er mikilvægt að fyrirmæli læknis liggja fyrir um það hvort óhætt er að borða samhliða næringunni.

Næringaráætlun

Næringaráætlun er skrifleg áætlun sem næringarfræðingur gerir. Næring um slöngu er gefin í máltíðum eða með sírennsli. Á næringaráætlun er tiltekinn rennslishraði, tími á máltíðum og lyfjatímar. Ef næringaráætlun hentar ekki eða gera þarf breytingar, er áætlunin endurskoðuð.

Dæla

Næringuna er hægt að gefa með sprautu eða dælu. Næringin er gefin hægt til að byrja með en síðan er hraði aukinn þar til næringarmarkmiði er náð.

Fræðsluefni sem er afhent eða sent rafrænt

- Næringaráætlun frá næringarfræðingi
- Upplýsingabæklingur um næringu um slöngu
- Fræðsluefni um dælu
- Magastóma hjá fullorðnum frá LSH
- Annað fræðsluefni eftir þörfum

Sjúkratryggingar Íslands

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) niðurgreiða næringu um slöngu en allir greiða fasta upphæð mánaðarlega sem er áætlaður eðlilegur matarkostnaður. Næringarfræðingur gengur frá umsókn til SÍ um næringu, dælu og fylgihluti sem þarf og gefur ítarlegri upplýsingar um þjónustuna. Fylgihlutir sem sjúklingar eiga rétt á, sér að kostnaðarlausu, eru millislöngur, hnappar og sprautur.

Magastóma og ferðalög

Næringu um slöngu er hægt að gefa nánast hvar sem er, heima, í heimsóknum eða á ferðalögum. Ef ferðast er með flugi er ráðlagt að hafa samband við næringarfræðing. Þegar vökvi er tekinn með í flug þarf læknisvottorð. Hafa þarf samband við flugfélagið sem flogið er með og láta vita að ferðast sé með fljótandi næringu. Í flestum tilfellum er hægt er að kaupa næringu um slöngu erlendis en greiða þarf fyrir hana að fullu og fá síðan endurgreitt hjá Sjúkratryggingum Íslands þegar heim kemur. Auka þarf vökva um slöngu ef ferðast er í heitu loftslagi.

Annað

Ef líkamshiti hækkar vegna veikinda eða ef mikill sviti eða niðurgangur hrjáir þig, þarf að gefa aukalega vökva um næringarslönguna til að bæta vökvatapið upp. Við þorsta þarf að nota meira vatn en venjulega.

Í upplýsingabæklingi um næringu um slöngu eru ráðleggingar um geymslu og meðferð á næringu. Hægt er að fá fylgihluti með dælu, svo sem statif til að hafa á borði eða bakpoka ef þú ert á ferðinni.



Hvar er hægt að leita eftir aðstoð?

Ef vart verður við hækkaðan hita, eymsli, roða, vessa eða örvefsmýndun í kringum magastómað er ástæða til að leita aðstoðar. Hægt er að leita til göngudeildar meltingar á 11D LSH sími: 825-9436/543-6150 á virkum dögum frá 8-16.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI, SEPTEMBER 2017

HÖFUNDAR:

ANNA SOFFÍA GUÐMUNSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR, GÖNGUDEILD
MELTINGAR, ÁGÚSTA ÁRÓRA ÞÓRÐARDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR, GÖNGUDEILD
TAUGASJÚKDÓMA, GUÐLAUG GÍSLADÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR, THELMA
RUT GRÍMSDÓTTIR NEMI Í NÆRINGARFRÆÐI OG JÓN ÖRVAR KRISTINSSON
MELTINGARSÉRFRÆÐINGUR.

HÖNNUN:

SAMSKIPTAEILD